

Dags. fundar: 29. ágúst 2012	Tími: 17.15	Nr. fundar: 25
Fundarboðari: Ákveðið á síðasta fundi.	Fundarritari: Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir	Staður: Sundlauginni Laugardal - anddyri.

Efni fundar:

1. Dómaralistar.
2. Breyting.
3. Alþjóðlegir listar.
4. Dómaranámskeið.
5. Utanum hald um Íslandsmet.
6. Alþjóðleg mót sundársins.
7. Kosning sunddómara ársins.

Viðstaddir: , Björn Valdimarsson, Ólafur Baldursson, Björn Valdimarsson, Gunnlaugur Þráinsson, Ragnhildur Guðjónsdóttir og Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir.

Boðuð forföll: Svanhvít G. Jóhannsdótti og Steinunn R. Einarsdóttir.

Dagskrá:

1. Farið var yfir dómaraalista og staða dómara skoðuð.
2. Á síðasta sundári var gerð breyting á reglugerð SSÍ sem viðkom VIII. kafla, dómaraáttindi. Þar hefur gleymst að aðlaga punktafjölda dómaraema á SSÍ og alþjóðlegum mótum. Nú er talað um að dómaraemi þurfi að ávinna sér 9 punkta á SSÍ mótum. Þar sem punktar fyrir hvern hluta eru 5 á SSÍ á að standa þarna 15 punkta, þrjá hluta.
3. Verið er að vinna með nöfn íslenskra yfirdómara á alþjóðlega lista. Reglur FINA eru orðnar stífari og erfiðara að koma íslenskum dómurum á listana.
4. Lokaútgáfa af atburðardagatalinu sundárið 2012-2013 er í vinnslu hjá SSÍ. Hún á að liggja fyrir að loknum þjálfarafundi 1. september n.k. Áætlanir eru uppi um að dómaraámskeið verði haldi í lok september, verklegi hluti þess á Haustmóti Ármanns eða TYR móti Ægis en þau mót eru á áætlun sitt hvoru megin við mánaðarmótið september/október. Þegar dagsetning liggur fyrir verður það tilkynnt til sundfélaga. Ákveðið hefur verið að setja ekki upp námskeið að ósk félaganna. Farið verður til Akureyrar í tengslum við Sprengimót Óðins og til Egilsstaða í tengslum við Haustmót ÚÍA. Halda á endurmenntunarnámskeið dómara á báðum stöðum.
5. Eins og staðan er núna er hvergi hægt að finna Íslandsmet í sundi á einum stað. Mikill munur yrði ef sett yrði á vefsíðu SSÍ linkur með Íslandsmetum og þau uppfærð jafnóðum og stjórn SSÍ samþykkir þau.
6. Alþjóðleg mót sundársins verða: ÍM25, RIG, Gullmót KR, ÍM50, Actavismót SH og Landsbankamót ÍRB. Alls 6 mót.

7. Nefndin leggur til að hætta verði að kjósa dómara ársins. Frekar muni stjórn SSÍ veita sunddómurum viðurkenningar fyrir vinnuframlag sitt.

Verkefni ákveðin á fundinum: Engin

Fundi slitið kl: 18.40

Næsti fundur: mánudaginn 24. september kl. 17.15.